

# Norðfirðingur



I. tbl. 36. árg

www.nordfirdingafelagid.is

2010

## Fjöldmenni á Menningarkvöldi Norðfirðingafélagsins



Stefán Þorleifsson kom frá Neskaupstað og hélt hátíðarræðu kvöldsins, Neskaupstaður, fyrr og nú.



Bæjarstjórnar Neskaupstaðar heiðraðir, f.v. Guðmundur Bjarnason, Ásgeir Magnússon, Logi Kristjánsson og Ragnar Pétursson. Við ræðupúltið er Gísli Gíslason formaður Norðfirðingafélagsins.

Menningarkvöld Norðfirðingafélagsins var haldið þann 19. nóvember 2009 í Fella- og Hólakirkju. Kvöldið var tileinkað 80 ára afmæli Neskaupstaðar. Það voru ríflega 200 manns sem mættu en fjölbreytt dagskrá var í boði. Hátíðarræðu kvöldsins hélt hinn síungi Stefán Þorleifsson sem var með ákaflega vel undirbúna og fróðlega ræðu um Neskaupstað fyrr og nú. Sýndar voru hreyfimyndir úr forum Halldórs Jóhannssonar úr Heiðarbylí og Magnúsar Hermannssonar. Einnig var fjallað um ævi og kveðskap Maríu Bjarnadóttur og ævi, kveðskap og tónlist Tryggva Vilmundarsonar, Óskars Björnssonar og Svavars Benediktssonar.

Norðfirðingafélagið þakkar öllum þeim er lögðu hönd á plóginn við að gera þessa hátíð svo veglega. Jafnframt þakkar félagið öllum þeim er mættu þetta kvöld í Fella- og Hólakirkju.

## Aðalfundur og Sólarkaffi Norðfirðingafélagsins

Þann 31. janúar n.k kl. 14.00 verður haldinn aðalfundur og Sólarkaffi Norðfirðingafélagsins í Safnaðarheimili Fella- og Hólakirkju. Auk kaffiveitinga er dagskrá Sólarkaffis:

- Norðfirskir tónlistarmenn munu leika tónlist eftir Svavar Lárusson við söng Þórunnar Lárusdóttur.
- Birgir D. Sveinsson fjallar um feril Svavars í máli og myndum.
- Austfirski blaðið Glettingur verður til sýnis í umsjón Magnúsar Stefánssonar.
- Aðgangseyri kr. 1000



Norðfirðingar mætið með bakkelsi og hressa norðfirsku lund á Sólarkaffi félagsins !

## Kyrrðarstund í Fella- og Hólakirkju 2009



Að lokinni kyrrðarstund þann 20. desember 2009. F.v. Alfreð Árnason, Hanna Fredriksen, Kristján Högnason, Sr. Svavar Stefánsson og Fjóla Waldorf.

Norðfirðingafélagið í samstarfi við séra Svavar Stefánsson prest í Fella- og Hólakirkju hefur nú í 5 ár staðið fyrir minningarathöfn um snjóflóðin sem féllu í Neskaupstað þann 20. desember 1974. Í ár voru rúmlega 80 manns sem mættu og áttu saman notalegu stund sem fyrir marga er orðinn órjúfanlegur hluti af aðventunni.

Sr. Svavar flutti minningarorð um þennan sorgaratburð sem snerti hvert mannsbarn á Íslandi. Barnabarn Sr. Svavars ásamt tveimur vinkonum sáu um fallegan tónlistarflutning. Eftir athöfnina í kirkjunni var kaffi í boði félagsins í Safnaðarheimili Fella- og Hólakirkju.

Norðfirðingafélagið þakkar sr. Svavari og hans fjölskyldu fyrir fallega athöfn og velvild í garð félagsins.



Myndir úr kaffisamsætinu eftir kyrrðarstund Norðfirðingafélagsins þann 20. desember 2009.



Standandi f.v. Ívar Pétur Hannesson, Eiríkur Karlsson, Ragnar K Guðmundsson. Sitjandi f.v. Rósa Skarphéðinsdóttir, Hanna Fredriksen, Alfreð Árnason, Margrét Alfreðsdóttir og Jón Sigurðsson

## Aðalfundur og Sólarkaffi Norðfirðingafélagsins

Aðalfundur hefst kl. 14.00 þann 31. janúar 2010 í Fella- og Hólakirkju. Dagskrá aðalfundar:

1. Setning
2. Venjuleg aðalfundarstörf,
3. Önnur mál

Dagskrá Sólarkaffis:

- Kaffiveitingar
- Norðfirskir tónlistarmenn leika tónlist eftir Svavar Lárusson við söng Þórunnar Lárusdóttir.
- Birgir D. Sveinsson fjallar um feril Svavar í máli og myndum.
- Austfirski blaðið Glettingur verður til sýnis
- Aðgangseyri kr. 1000



Á Sólarkaffinu mun Þórunn Lárusdóttir syngja lög frænda síns Svavars Lárussonar við undirleik Hlöðvers Smára Haraldssonar, Bjarna Ágústssonar, Þorláks Ágústssonar, Sveins Birgissonar og Birgirs D. Sveinssonar jr.

Útgefandi: Norðfirðingafélagið Stjórn: Gísli Gíslason: 8980991, Hólmfríður G. Guðjónsdóttir: 6648235, Birna Hilmarsdóttir: 8628510, Þorsteinn Sigurðsson: 8221709, Gunnar K. Guðmundsson: 8403003, Jón Karlsson: 8966378, Birgir D. Sveinsson: 8629431, Íris Másdóttir: 8673278, Bjarni Freyr Ágústsson: 8640264, Hálfan Steinþórsson: 8608005

www.nordfirdingafelagid.is